



# Öruggara Austurland

## Samstarf og samvinna

Markmið og áherslur

2026

## Lögreglan á Austurlandi

### Ábyrgð

Kristmundur Stefán Einarsson, lögreglustjóri

Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn

## Efnisyfirlit

|        |                                                                          |    |
|--------|--------------------------------------------------------------------------|----|
| 1.     | Inngangur .....                                                          | 3  |
| 2.     | Helstu tölulegu niðurstöður síðasta árs .....                            | 3  |
| 3.     | Lykilmarkmið .....                                                       | 4  |
| 4.     | Hugmyndafræði .....                                                      | 4  |
| 5.     | Framtíðarsýn .....                                                       | 4  |
| 6.     | Stefna / áherslur .....                                                  | 4  |
| 6.1.   | Samvinna og samskipti .....                                              | 4  |
| 6.2.   | Innra starf.....                                                         | 4  |
| 6.2.1. | Aðbúnaður, þjálfun – menntun og fl.....                                  | 5  |
| 6.2.2  | Tækjabúnaður / húsakostur .....                                          | 5  |
| 6.2.3  | Stjórnun, verkferlar og lærdómur .....                                   | 6  |
| 6.3.   | Afbrot og verkefni - áherslur .....                                      | 6  |
| 7.     | Viðmið og mælikvarðar .....                                              | 7  |
|        | Þjónusta - öryggi .....                                                  | 7  |
|        | Samvinna og samskipti .....                                              | 8  |
|        | Afbrot - verkefni .....                                                  | 9  |
|        | Eftirlit með útlendingum.....                                            | 9  |
|        | Landamæraeftirlit.....                                                   | 10 |
|        | Almannavarnir .....                                                      | 10 |
| 8.     | Innra starf - viðmið og mælikvarðar um mannauð, aðbúnað og stjórnun..... | 11 |
| 9.     | Eftirfylgni og umbætur .....                                             | 11 |
|        | Fylgiskjal, - helstu brot – verkefni.....                                | 12 |

## 1. Inngangur

Frá árinu 2020 hefur Lögreglan á Austurlandi ritað og kynnt stefnu til næstu tólf mánaða. Stefnan byggir á mati starfsmanna á reynslu fyrri ára, settum markmiðum og áherslum. Hún er yfirfarin og metin af starfsmönnum fyrir útgáfu hvers árs auk þess sem samstarfsaðilar lögreglu, svo sem sveitarfélögin, fá stefnuna í drögum til yfirlestrar, athugasemda og ábendinga.

Stefnan er gefin út opinberlega ár hvert til að gera störf lögreglunnar sýnileg og skapa umræðu um áherslur hennar og viðmið.

Lykilmarkmið embættisins er að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa. Til að ná því er áhersla lögð á samvinnu og samskipti, markvissa faglega greiningu gagna við skipulag löggæslu, sýnileika og forvarna- og frumkvæðisvinnu.

Jafnframt er lögð áhersla á, með lykilmarkmið embættisins að leiðarljósi, að starfsmenn búi við gott og öruggt vinnuumhverfi, njóti viðeigandi þjálfunar og menntunar og líði vel í starfi.

## 2. Helstu tölulegu niðurstöður síðasta árs



Lögreglan á Austurlandi hefur frá árinu 2020 sett töluleg viðmið í lykilmálaflokkum til að fylgjast með þróun, greina breytingar og móta úrbætur víki rauntölur verulega frá viðmiðum. Tölur eru þannig rýndar reglulega af stjórnendum embættisins og nýttar til að forgangsraða verkefnum og aðgerðum.

Helstu niðurstöður síðasta árs (2025) sýna að:

- Hegningarlagabrot voru svipuð að fjölda og á undanförunum árum. Helstu brotaflokkar eins og eignaspjöll, auðgunarbrot og ofbeldisbrot reyndust nálægt meðaltali tímabilsins (2015–2025).
- Kynferðisbrot voru aðeins fleiri en að meðaltali árin 2015 til 2025.
- Umferðarlagabrotum fjölgaði lítillega frá fyrra ári; hraðakstur og ölvunarakstur voru yfir meðaltali en skráðum brotum vegna fíkniefnaaksturs fækkaði og voru nálægt meðaltali. Umferðarslys voru heldur fleiri en að meðaltali síðustu ár.
- Heimilisofbeldismálum fækkaði.
- Viðhorfsskannanir sýndu almennt jákvæða afstöðu íbúa til lögreglu og öryggis í umdæminu.

Niðurstöðurnar leggja grunn að tölulegum viðmiðum, stefnu og áherslum ársins 2026, með það að markmiði að tryggja ákvarðanatöku byggða á gögnum.

### 3. Lykilmarkmið

Lykilmarkmið Lögreglunnar á Austurlandi er að veita íbúum, þeim sem starfa og dvelja í umdæminu, bestu þjónustu sem völ er á. Með markvissum aðgerðum sem byggja á skýrri hugmyndafræði er stefnt að því að fækka brotum og slysum og þar með auka öryggi og öryggistilfinningu í samfélaginu.

### 4. Hugmyndafræði

Lögreglan á Austurlandi telur að með áherslu á –

- Samvinnu og samskipti,
- markvissa greiningu gagna
- sýnilega löggæslu og forvarnarverkefni og
- innra starf lögreglunnar á Austurlandi

megi tryggja að þjónusta við íbúa verði sem best.

### 5. Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Lögreglunnar á Austurlandi er að embættið sé traustur samstarfsaðili, fagleg og sýnileg í stóru og dreifðu umdæmi. Embættið bregðist skjótt og af þekkingu við fjölbreyttum verkefnum, byggir ákvarðanir á gögnum og greiningu og styðjist við sterkan mannauð. Með þéttari samvinnu og skýrri stefnu stuðli embættið að auknu öryggi, öryggistilfinningu og trausti í samfélaginu.



### 6. Stefna / áherslur

#### 6.1. Samvinna og samskipti

Samvinna er forsenda árangurs í löggæslu. Helstu samstarfsaðilar með vísan til stefnu embættisins og áherslna, eru sveitarfélögin í umdæminu; félagsþjónusta þeirra barnavernd og skólar, sem og Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), slökkvilið umdæmisins, björgunarsveitir, Vegagerðin, Veðurstofa Íslands og almannavarnarvið ríkislögreglustjóra.

Þverfagleg verkefni er byggja á samstarfi við ofangreinda fá enn aukið vægi, styrkt með reglulegri yfirferð á sameiginlegum snertiflötum og úrbótum eftir því sem við á. Það á ekki síst við um samráðsvettvang innan umdæmisins um Öruggara Austurland, Svæðisbundið Farsældarráð um velferð barna og samfélagslöggæslu sem og almannavarnaverkefna sem eru sífellt að verða umfangsmeiri hjá lögreglu og öðrum viðbragðsaðilum.

Þá leggur lögregla ríka áherslu á virkt samtal við íbúa og samstarfsaðila með reglulegri upplýsingamiðlun gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla, með heimsóknum, með þátttöku á íbúafundum og með öðrum hætti eftir því sem efni standa til og möguleiki er á.

#### 6.2. Innra starf

Markvisst innra starf er grundvöllur þess að Lögreglan á Austurlandi geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu af öryggi og ábyrgð. Gæði þjónustu við íbúa, skilvirkni viðbragða og traust samfélagsins ráðast að

verulegu leyti af því að starfsmenn embættisins búi við öruggt og styðjandi vinnuumhverfi, skýra verkferla og forgangsröðun verkefna.

Áhersla er því lögð á stöðugar umbætur í innra starfi til að efla mannauð, styrkja vinnumenningu og tryggja að embættið búi yfir þeirri hæfni og viðbragðsgetu sem verkefni í stóru og dreifðu umdæmi krefjast, með það að markmiði að það geti fylgt þeirri stefnu og þeim áherslum sem það setur sér hverju sinni.

Leiðarljós í samskiptum eru virðing, trúnaður, kurteisi og heiðarleiki.

#### 6.2.1. Aðbúnaður, þjálfun – menntun og fl.

Mannauður er lykilauðlind embættisins. Áhersla er lögð á markvissa þjálfun og menntun starfsmanna til að tryggja hæfni til að takast á við síbreytileg verkefni. Þjálfun skal meðal annars taka mið af hlutverki, ábyrgð og þörfum starfsmanna, þróun verkefna og lagaumhverfis.

Jafnframt verður lögð áhersla á nýliðapjálfun og forvarnir gegn langvarandi álagi og kulnun, með það að markmiði að tryggja velferð starfsmanna og sjálfbærni í starfsemi embættisins.

#### 6.2.2 Tækjabúnaður / húsakostur

Góður aðbúnaður, örugg vinnuaðstaða og viðeigandi tækjabúnaður eru forsenda skilvirkrar og öruggrar löggæslu. Unnið verður markvisst að því að viðhalda og bæta húsnæði, aðstöðu og búnað í samræmi við þarfir starfsfólks, eðli verkefna og öryggiskröfur.

Áhersla verður lögð á forgangsröðun umbóta á starfsstöðvum og að tryggja að aðstaða og búnaður styðji við faglegt starf og viðbragðsgetu embættisins, í samræmi við sett viðmið og mælikvarða.



### 6.2.3 Stjórnun, verkferlar og lærdómur

Skýr stjórnun, verkferlar og virkt lærdómsumhverfi eru lykilþættir í faglegu og skilvirku starfi. Áhersla verður lögð á reglulega yfirferð verkferla, rýni á verkefnum og atvikum, sem og markvissa miðlun lærdóms innan embættisins.

Markmið er að tryggja að reynsla, gögn og greining nýtist við ákvarðanatöku, forgangsröðun og umbætur í framkvæmd, í samræmi við viðmið og mælikvarða í kafla 8.

### 6.3. Afbrot og verkefni - áherslur

Skipulag löggæslu byggir á reglulegri greiningu gagna og þekkingu á staðbundnum aðstæðum. Forvarnarvinna og frumkvæðisverkefni verða samofin daglegri löggæslu með það að markmiði að draga úr brotum, slysum og áhættuhegðun.

#### Hegningarlagabrot

Áhersla verður lögð á að halda tíðni hegningarlagabrota innan skilgreindra viðmiða með markvissu eftirliti, greiningu gagna og frumkvæðisvinnu. Þar verði ekki síst litið til formlegs samstarfs lykilaðila í tengslum við Öruggara Austurland og Farsæld barna.

#### Umferðarmál/umferðarslys-eftirlit

Meginmarkmið er að fækka slysum, einkum alvarlegum slysum, með sýnilegu markvissu eftirliti byggðu á gögnum og nánu samstarfi við veghaldara. Upplýsingum og ábendingum verði markvisst miðlað til vegfarenda um áherslur lögreglu hverju sinni, aðgát sem þarf að hafa vegna aðstæðna er kunna að hafa skapast og svo framvegis.

#### Heimilisofbeldi

Áhersla verði sem fyrr lögð á markviss viðbrögð vegna heimilisofbeldis og stuðla áfram að faglegri eftirfylgni og snemmtækri íhlutun í nánu samstarfi við félagsþjónustu, barnavernd og heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), með það að markmiði að bæta enn þjónustu og fækka málum.

#### Ólögleg vímuefni

Áhersla verður lögð á markvisst eftirlit, frumkvæðislöggæslu og forvarnir til að draga úr framboði og skaðlegum áhrifum vímuefna. Sérstaklega verði fylgst með þróun lykilmælikvarða um áhættuhegðun og líðan barna með það að markmiði að bregðast við í tíma.

#### Eftirlit með útlendingum

Unnið verður að virku og lögbundnu eftirliti með dvöl og atvinnu útlendinga með áherslu á yfirsýn, jafnræði og vernd réttinda. Stefnt er að aukinni þjálfun og menntun starfsmanna í málaflokknum, fjölgun eftirlitsferða og virkara eftirliti almennt með stöðu leyfa útlendinga í umdæminu.

#### Landamæraeftirlit

Landamæraeftirlit skal vera skilvirkt, faglegt og í samræmi við lög og alþjóðlegar skuldbindingar, með áherslu á áhættugreiningu og forvarnir gegn mansali og annarri skipulagðri brotastarfsemi. Stefnt er



að aukinni þjálfun og menntun starfsmanna í málaflokknum til að tryggja skilvirkt og markvisst eftirlit.

#### Almannavarnir-náttúruvá

Markmið er að viðbragðsgeta embættisins sé ávallt fullnægjandi með reglulegum æfingum, verkefnarýni, uppfærðum viðbragðsáætlunum og ekki síst virku samtali og samstarfi við aðra viðbragðsaðila.

#### Innra starf

Áherslur í innra starfi eru skráðar í kafla 6.2 og viðmið sett fram í kafla 8.

## 7. Viðmið og mælikvarðar

Viðmið og mælikvarðar eru settir sem verkfæri til virkrar stjórnunar, eftirfylgni og stöðugra umbóta. Þeir eru túlkaðir í samhengi við umfang verkefna, eftirlit og ytri aðstæður og rýndir reglulega, einkum í árslok.

þjónusta - öryggi

| Áherslur / stefna                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             | Mælingar                                                                                                                    | Töluleg viðmið 2026                                                              | Niðurstöður ársins 2025 |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| Markmið ársins 2026 er að veita íbúum, þeim sem starfa og dvelja í umdæminu, bestu mögulegu þjónustu í samræmi við hlutverk lögreglu. Stefnt er að því að hlutfall svarenda sem telja lögregluna á Austurlandi skila góðu starfi verði a.m.k. 90%. Niðurstöður verða rýndar í árslok af stjórnendum embættisins og bornar saman við fyrri ár. | Viðhorfskönnun<br>Félagsvísindastofnunar<br>Háskóla Íslands til þjónustu<br>og starfa lögreglu /<br>Ríkislögreglustjórninn. | 90%                                                                              | 88,20%                  |
| Markmið ársins 2026 er að hlutfall þeirra sem telja sig mjög eða frekar örugga í umdæminu verði ekki lægra en 95%. Niðurstöður ársins verða rýndar og nýttar við forgangsröðun verkefna næsta árs.                                                                                                                                            | Þolendakönnun lögreglu<br>(Reynsla landsmanna af<br>afbrotum og<br>öryggistilfinning íbúa<br>/Ríkislögreglustjórninn.)      | 95%                                                                              | 95,7%                   |
| Fylgst verði með þróun lykilmælikvarða um áhættuhegðun og líðan barna.                                                                                                                                                                                                                                                                        | Íslenska<br>æskulýðsrannsóknin                                                                                              | Óbreytt eða betri staða miðað við síðustu ár samkvæmt mati barnaverndaryfirvalda | Í mati                  |

## Samvinna og samskipti

| Áherslur / stefna                                                                                                                                                                                                | Mælingar                                                                 | Töluleg viðmið 2026                                                                                                                           | Niðurstöður ársins 2025                             |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------|
| Markmið ársins 2026 er að viðhalda og efla formlegt samstarf við lykilaðila á svæðinu. Í árslok verður framkvæmd einföld rýni á samstarfi (mat og fjöldi funda/verkefna) og skilgreindar umbætur fyrir næsta ár. | Mat skilgreindra samstarfsaðila í lok árs og greinargerð um niðurstöður. | Mat framkvæmt og næstu skref skilgreind.                                                                                                      | Unnið í samræmi við stefnu 2025                     |
| Stefnt er að auknum skilgreindum forvarnarverkefnum í leik-, grunn- og framhaldsskólum, í félagsmiðstöðvum ungmenna og samkomustöðum aldraðra svo nokkuð sé nefnt.                                               | Lögreglakerfið LÖKE (Forvarna- og fræðsluverkefni - ...)                 | A.m.k. 50 skráningar (Mat framkvæmt mánaðarlega á fjölda skráninga og viðbrögð séu þau ekki í samræmi við stefnu, gæði heimsóknna og umfang.) | Sambærilegir skráningarliðir í LÖKE ekki til staðar |

## Sýnileiki

| Áherslur / stefna                                                                                                                                                                                     | Mælingar                                                                              | Töluleg viðmið 2026      | Niðurstöður ársins 2025 |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|-------------------------|
| Markmið ársins 2026 er að birta samantekt um helstu áherslur, brotaþróun og verkefni lögreglu að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári. Framkvæmd verður rýnd í árslok.                                  | Skráningar á vef og samfélagsmiðlum                                                   | A.m.k. 3 birtingar á ári | Í samræmi við viðmið    |
| Markmið ársins 2026 er að hlutfall íbúa sem segjast sjá lögreglubíl oftast en einu sinni í viku verði a.m.k. 70%. Ef markmið næst ekki verða skilgreindar aðgerðir til að auka sýnileika á næsta ári. | Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til þjónustu og starfa lögreglu | 70%                      | 59,8%                   |

| Áherslur / stefna                                                                                                                                                                                                                               | Mælingar            | Töluleg viðmið 2026 | Niðurstöður ársins 2025 |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------|---------------------|-------------------------|
| Gert er ráð fyrir að fjöldi skráðra hegningarlagabrota fari ekki yfir skilgreind viðmið sem samsvarar meðaltali árunna 2021–2025. Ef frávik verða meiri en 10% frá viðmiði verður framkvæmd sérstök greining á orsökum og viðbragðsáætlun gerð. | Lögreglukerfið LÖKE | 120                 | 130                     |
| Gert er ráð fyrir að fjöldi skráðra umferðarslysa fari ekki yfir skilgreind viðmið sem samsvarar meðaltali árunna 2021–2025. Niðurstöður verða rýndar reglulega og tengdar áherslum í umferðareftirliti.                                        | Lögreglukerfið LÖKE | 38                  | 42                      |
| Gert er ráð fyrir að fjöldi skráðra heimilisofbeldismála fari ekki yfir skilgreind viðmið sem samsvarar meðaltali árunna 2021–2025. Áhersla verður á eftirfylgni, snemmtækar íhlutanir og samstarf við félagsþjónustu og barnavernd.            | Lögreglukerfið LÖKE | 20                  | 15                      |
| Gert er ráð fyrir að fjöldi skráðra umferðarlagabrota árið 2026 verði á bilinu sem samsvarar meðaltali árunna 2021–2025. Frávik verða metin reglulega í samhengi við umfang og áherslur eftirlits.                                              | Lögreglukerfið LÖKE | 1378                | 1427                    |
| Gert er ráð fyrir að fjöldi skráðra fíkniefnabrota árið 2026 verði sambærilegur við meðaltal árunna 2021–2025. Frávik verða metin í samhengi við umfang og áherslur eftirlits.                                                                  | Lögreglukerfið LÖKE | 27                  | 31                      |

## Eftirlit með útlendingum

| Áherslur / stefna                                                                                                                                                                                                                                                              | Mælingar                                                                                                         | Töluleg viðmið 2026 | Niðurstöður ársins 2025 |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------|-------------------------|
| Markmið ársins 2026 er að fara í að lágmarki 8 eftirlitsferðir á vinnustaði, til að tryggja yfirsýn yfir dvalar-, atvinnurétt og vernd réttinda útlendinga. Ef markmið næst ekki verður umfang og forgangsörðun endurmetin, m.a. með hliðsjón af mannafla og umfangi verkefna. | Fjöldi vinnustaðaheimsóknna skráðar í LÖKE (Eftirlit með útlendingum – eftirlit með dvalar- og atvinnuréttindum) | 8                   | 2                       |

## Landamæraeftirlit

| Áherslur / stefna                                                                                                                                                                                                          | Mælingar                                                                                                                                               | Töluleg viðmið 2026                                                                                                                                                                                      | Niðurstöður ársins 2025   |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------|
| Markmið ársins 2026 er að landamæraeftirlit á Austurlandi sé í samræmi við lög, verklagsreglur og alþjóðlegar skuldbindingar. Áhersla er lögð á faglega framkvæmd, greiningu áhættu og samhæfingu við aðra viðbragðsaðila. | Fjöldi skráðra landamæraeftirlitsverkefna og aðgerða í LÖKE / greiningarskrár (Landamæragæsla: höfn/skip - flugvöllur/flugvél.)                        | Skráning og framkvæmd í samræmi við gildandi verklag/mat. Engin alvarleg frávik í innri eða ytri rýni.                                                                                                   | Í samræmi við verklag/mat |
| Markmið ársins 2026 er að viðhalda færni starfsmanna sem sinna landamæraeftirliti, meðal annars með þátttöku í æfingum, fræðslu eða samhæfðum verkefnum með öðrum aðilum.                                                  | Skráning þjálfunar, æfinga eða sameiginlegra verkefna / Mat verði gert í apríl og nóvember á stöðu þjálfunar og þekkingu starfsmanna - viðbrögð metin. | Markvissar æfingar, fræðsla eða samhæfð verkefni skráð. / Starfsmenn sem sinna landamæraeftirliti teljist samkvæmt mati tilbúnir að takast á við öll verkefni er upp geta komið af öryggi og fagmennsku. | Ekki formlega skráð       |
| Breytist umfang eða eðli landamæraeftirlits verulega á árinu verður framkvæmd sérstök rýni á áhrifum þess á mannafla, forgangsroðun og önnur verkefni embættisins.                                                         | Stjórnendamat og greinargerð í árslok, fyrir ef þurfa þykir.                                                                                           | Rýni framkvæmd ef forsendur breytast.                                                                                                                                                                    | Átti ekki við             |

## Almannavarnir

| Áherslur / stefna                                                                                                                                         | Mælingar            | Töluleg viðmið 2026 | Niðurstöður ársins 2025 |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------|---------------------|-------------------------|
| Markmið ársins 2026 er að viðbragðsaðilar hittist til sameiginlegra æfinga eða kynninga a.m.k. fjórum sinnum á árinu. Framkvæmd verður staðfest í árslok. | Lögreglukerfið LÖKE | 4                   | 4                       |

## 8. Innra starf - viðmið og mælikvarðar um mannauð, aðbúnað og stjórnun

Viðmið í innra starfi eru sett fram með það að markmiði að efla formfestu, draga úr áhættu og styðja við ábyrgð í stjórnun. Mælikvarðar eru nýttir sem stjórnunarverkfæri og grundvöllur umbótavinnu.

| Áherslur / stefna                                                         | Mælingar                                                                                                                                                                                                    | Töluleg viðmið 2026                                                                                                     | Niðurstöður ársins 2025 |
|---------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|
| Tryggja markvissa þjálfun starfsmanna / Nýliðaþjálfun skoðuð sérstaklega. | Skráning þjálfunar, námskeiða og æfinga / Mat gert á því hjá starfsmönnum hvort og þá hvað helst vantar í þjálfun.                                                                                          | Þjálfunaráætlun til staðar og komin til framkvæmda / Áætlun um þjálfun nýliða til staðar.                               | Ekki formlega samræmd   |
| Styðja við velferð starfsmanna og jafnvægi milli álags og verkefna.       | Stjórnendaryni á veikindatölur, álag og fjarvistir / Mat gert á því hvar embættið getur gert betur í starfsmannamálum, til að mynda varðandi félagastuðning, og gerð áætlun um úrbætur þar sem þörf krefur. | Rýni framkvæmt a.m.k. einu sinni á árinu og niðurstöður nýttar til úrbóta / Starfsmannasamtal-frammistöðumat framkvæmt. | Rýni óformleg           |
| Efla stjórnun og samræmi verkferla.                                       | Innri rýni á verkferlum/verklagi – úrbætur gerðar þar sem þeirra er þörf.                                                                                                                                   | A.m.k. ein markviss rýni á árinu og lærdómi miðlað.                                                                     | Ekki framkvæmt          |

## 9. Eftirfylgni og umbætur

Lögreglan á Austurlandi mun kynna helstu niðurstöður ársins opinberlega og í samtali við samstarfsaðila. Eftirfylgni með stefnu, viðmiðum og mælikvörðum fer fram reglulega af stjórnendum embættisins og sérstaklega í árslok.


Umbótavinna fer fram í upphafi árs þar sem framkvæmd, árangur og frávik frá viðmiðum eru metin í heild, þar á meðal þróun í innra starfi, álagi og hæfni starfsmanna. Niðurstöður rýni eru nýttar til að endurskoða forgangsröðun verkefna, áherslur og, eftir atvikum, stefnumörkun næsta árs.

Markmið eftirfylgni og umbóta er að tryggja samræmi milli stefnu, framkvæmdar og raunverulegra aðstæðna og efla fagmennsku, öryggi og traust í starfsemi embættisins.




## Fylgiskjal, - helstu brot – verkefni


### Hegningarlagabrot




### Auðgunarbrot




### Kynferðisbrot



### Eignaspjöll



### Ofbeldisbrot




Gögn síðast uppfærð:


Wednesday, January 21,

2026. Er við tíma sem málið var skráð.


### Umferðarlagabrot (án hraðamyndavéla)




### Hraðakstur (án hraðamyndavéla)




### Ölvun við akstur




### Fíkniefnaakstur




### Sviptingarakstur - réttindaleyssi



## Fíkniefnamál



## Umferðarslys



## Heimilisofbeldi

● Ágreiningur milli skyldra/tengdra ● Heimilisofbeldi

